

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. maí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. september 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um (24.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Fenbendazolium		PANACUR, VET, töflur 250 mg.	Dýralyf. Hver pakking lyfsins skal merkt: „Ormalyf í hunda og ketti.“ Skammtar: 1 tafla fyrir hver 5 kg líkamspunga. Lyfjagjöf þarf að endurtaka 3 daga í röð. Eyða skal saur meðan á lyfjagjöf stendur og 3-4 næstu daga.
Minoxidilum	Lyfjaform til útvortis notkunar t.d. áburður eða	REGAINE, áburður/hlaup.	Fylgiseðill á íslensku samþykktur af lyfjanefnd ríkisins fylgi með hverri

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. október 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. september 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.